

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1975

26. júní 1975.

545

Nr. 282.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af bensíni (bensíngjald), og skal gjaldið nema kr. 16.00 af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmí-löngum á bifreiðar og bifhjól (gúmmígjald), og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum, sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín — öðrum en leigubifreiðum til mannflutninga — og eru minna en 4 tonn að leyfðri heildarþyngd sbr. 2. gr. laga nr. 40/1968:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—2099	42 000
2100—2199	43 500
2200—2299	45 000
2300—2399	46 500
2400—2499	48 000
2500—2599	49 500
2600—2699	51 000
2700—2799	52 500
2800—2899	54 000
2900—2999	55 500
3000—3099	57 000
3100—3199	58 500
3200—3299	60 000
3300—3399	61 500
3400—3499	63 000
3500—3599	64 500
3600—3699	66 000
3700—3799	67 500
3800—3899	69 000
3900—3999	70 500

B 69

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
4000—4099	72 000
4100—4199	73 500
4200—4299	75 000
4300—4399	76 500
4400—4499	78 000
4500—4599	79 500
4600—4699	81 000
4700—4799	82 500
4800—4899	84 000
4900—4999	85 500

- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 4 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildar- þyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4.0— 4.9	2.80
5.0— 5.9	2.94
6.0— 6.9	3.07
7.0— 7.9	3.20
8.0— 8.9	3.33
9.0— 9.9	3.46
10.0—10.9	3.59
11.0—11.9	3.72
12.0—12.9	3.85
13.0—13.9	4.07
14.0—14.9	4.28
15.0—15.9	4.50
16.0—16.9	4.72
17.0—17.9	4.94
18.0—18.9	5.15
19.0—19.9	5.37
20.0—20.9	5.59
21.0—21.9	5.80
22.0—22.9	6.02
23.0—23.9	6.24
24.0—24.9	6.45
25.0—25.9	6.67

- c. Af leigubifreiðum til mannflutninga allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta nemur 2.80 kr. á kílómetra.
- d. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. b- og c-liðum þessarar greinar fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við, að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi, sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til frambærðs við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglu, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o.þ.h. gilda ákvæði reglugerðar nr. 283/1975.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga, þar sem leyfður heildarþungi bifreiðarinnar nýtist ekki til fulls, og á þá eigandi bifreiðarinnar rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slik þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6 000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðarinnar né sé slik skráning til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiða-
eftirlit ríkisins ákveður, hver sé skráð þyngd bifreiðarinnar.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestur á akstursmæli bifreiðarinnar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst, að heildarþyngd bifreiðarinnar er meiri en hin skráða þyngd, og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini. Jafnframt skal um leið ákvarða þungaskatt af bifreiðinni tveimur gjaldskrárflokkum hærri en leyfð hámarksþyngd segir til um fyrir innheimtutímabil það, þegar brotið varð uppvíst og þrjú þau næstu. Sé um að ræða bifreið í hæsta eða næst hæsta gjaldskrárflokki skal hækka skattinn á hvern ekinn kílómetra um krónutölu, sem sé jöfn mismun upphæðar efsta gjaldflokks og þess þriðja að ofan talið. Ákvörðun þessa skal færa í skráningarskírteini.

Hækkun gjaldskrárflokks fylgir bifreið í þrjú næstu innheimtutímabil eftir brot, þó svo um eigendaskipti verði að ræða.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr., svo og bifreiðar erlendra ræðsmanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

- Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
- Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri.

6. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a-lið 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. b- og c-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október, en eindagi 21. dagur sömu mánaða, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð, er álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanna fjármálaráðuneytisins (t. d. bifreiðaeftirlitsmanns, lögreglumanns eða hreppstjóra) og láta lesa á og skrá stöðu öikumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts skv. öikumælum og álestri öikumæla vísast til reglugerðar nr. 283/1975.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a-lið 3. gr. að rétttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði, þannig, að meira er hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða af bifreið skatt, sem greiddur hefur verið af henni út árið, þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er, eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög, ef gjöld skv. a-lið 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningar-gjald og váttryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa löglaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. b- og c-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit, að öikumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar sekt, sem nemur þungaskatti af 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við itrekað brot. Sektin miðast við b- og c-lið 3. gr., eftir því sem við á og innheimtist eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur öikumælis, að öikumælir eða öikumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ælla má, að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandalaus, getur viðkomandi innheimtu-

maður ríkissjóðs ákvarðað skattinn skv. því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla skv. framan-sögðu, varðar sektum allt að kr. 500.000.00 nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið á tilskildum tíma, og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, þá skal lögreglustjóri eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmarki hennar til geymslu, uns öku-mælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því, að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. b- og c-lið 3. gr., til álesturs ársþriðjungslega, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja sekt á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi kr. 500.00 á hvern dag, sem líður frá þeim tíma, sem ákveðinn er til aflesturs skv. 6. gr. 4. mgr., þar til komið er með bifreiðina til aflesturs.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa, hafi sérstakar ástæður orðið til þess, að ekki varð komið með bifreið til aflesturs á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils, er tilgreint er til álestrar akstursmæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta skv. grein þessari óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðkemur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breyt-inguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík toll-stjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögvörndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo, að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum solumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu á birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn, að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma, getur innheimtumaður látið lög-regluna stöðva atvinnurekstur viðkomandi, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

13. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af bensíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 284/1975.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 264 26. september 1974 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda gagnvart hverri þeirri bifreið, sem notar annað eldsneyti en bensín og er 5 tonn eða meira að eigin þyngd, frá þeirri stundu, er fyrst er lesið á akstursmæli bifreiðarinnar eftir útgáfu þessarar reglugerðar, enda fari sá álestur fram eigi síðar en 10. júlí 1975 eða innan þess frests, sem veittur kann að verða skv. ákv. 10. gr.

Nú er bifreið eigi færð til álesturs á tímabilinu fyrir 11. júlí eða innan þess frests, er veittur kann að verða skv. ákv. 10. gr., og skal þá, er álestur fer fram, litið svo á, að vegalengd skv. akstursmæli frá því síðast var lesið á mæli, hafi öll verið ekin eftir 10. júlí 1975 eða eftir lok frests skv. 10. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður með auglýsingu, hvenær gjaldskylda hefst fyrir þau ökutæki, sem hingað til hefur ekki verið greiddur þungaskattur af skv. öku- mæli, en verða gjaldskyld skv. ökumæli með setningu þessarar reglugerðar, og hvenær lokið skuli að setja ökumæli í þau ökutæki.

Þungaskattur skv. 3. gr. a-liðs reglugerðar nr. 264 26. september 1974 greiddur á árinu 1975 kemur það ár hlutfallslega til frádráttar þungaskatti skv. 3. gr. b- og c-liðs þessarar reglugerðar.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um ökumæla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allar bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 4 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, skulu vera búnar ökumælum á hjólhafi eða í stýrishúsi af þeim gerðum, sem ráðuneytið viðurkennir.

Á sama hátt skulu leigubifreiðar til mannflutninga fyrir allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, búnar ökumælum. Enn fremur skulu tengi- og festivagnar, sem eru 6 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, búnar ökumælum.

Ákvæði reglugerðar þessarar um bifreiðir skulu gilda um tengi- og festivagna eftir því sem við á.

Af bifreiðum, sem búnar eru ökumælum, skal greiða þungaskatt eftir fjölda ekinna kílómetra samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur.